

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Helgi Gíslason sveitarstjóri og Ásdís Helga Barnadóttir verkefnastjóri undir dagskrá liðum 1 og 2. Einnig var mættu til fundar Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar undir lið 1. og Steingrímur Karlsson undir lið 2..

Dagskrá:

1. Gunnarsstofnun
2. Óbyggðasetrið
3. Umhverfisstyrkir
4. Hálendisþjóðgarður <https://www.althingi.is/altext/151/s/0461.html>
5. Önnur mál

1. Gunnarsstofnun

Skúli fór yfir starfsemi sumarsins og sagði frá þeim verkefnum sem stofnunin hefur unnið að samkvæmt samstarfssamningi.

Samningur sveitarfélagsins við Gunnarsstofnun rann út um áramótin og er sveitarstjóra falið að ganga frá nýjum samningi við stofnunina enda hefur samstarfið gengið mjög vel þau 15 ár sem það hefur staðið yfir. Stefnt á að samningur verður lagður fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

2. Óbyggðasetrið

Steingrímur fór yfir starfsemi ársins og sagði frá þeim verkefnum sem stofnunin hefur unnið að samkvæmt samstarfssamningi enda hefur samstarfið gengið mjög vel þau ár sem það hefur staðið yfir.

Samningur sveitarfélagsins við Óbyggðasetrið rann út um áramótin og er sveitarstjóra falið að ganga frá nýjum samningi við Óbyggðasetrið. Stefnt á að samningur verður lagður fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

3. Umhverfisstyrkir

- a) Umsókn frá Þuríðarstöðum vegna umhverfisstyrks dagsett 13. des. sl. fyrir árið 2020. Samþykktur hámarksstyrkur.
- b) Ósk um framlengingu á umhverfisstyrk frá árinu 2018 á Egilsstöðum í Fljótsdal Samþykkt að framlengja umsóknina.

4. Hálendisþjóðgarður

Fyrir liggur frumvarp til laga um stofnun hálendisþjóðgarðs.

Sveitarstjóra falið að gera umsögn fyrir sveitarfélagið fyrir skilafrest.

5. Önnur mál

Landsskipulagsstefna

Fyrir liggja drög að viðbótum við gildandi landsskipulagsstefnu, 2015-2026.

Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum sveitarfélagsins til Sambands sveitarfélaga.

Landsþing Sambands sveitarfélaga

Sveitarstjóri og oddviti sátu landsþing Sambands sveitarfélaga og sagði frá umræðum á þinginu um þvingunaraðgerðir stjórnvalda um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga.

Greiðslur launa

Samþykkt að föst mánaðarlaun sveitarstjórnarmanna fyrir fastar fundarsetur verði borguð mánaðarlega.

Hengifoss

Varðar umsókn sveitarfélagsins í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða vegna verkefnisins Hengifoss - Bygging þjónustuhúss.

Sveitarstjórn gerir eftirfarandi bókun:

Í verkefnaáætlun 2020-2022 fyrir landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er vilyrði fyrir 10 m.kr. vegna stækkunar bílastæðis og viðhalds göngustígs við Hengifoss. Fljótsdalshreppur hefur ekki þegið fé úr landsáætlun til uppbyggingar við Hengifoss en fengið styrki til uppbyggingar úr Framkvæmdasjóði ferðamanna. Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir því að skv. lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er sjóðnum ekki heimilt að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun.

Örnefnaskráning

Landmælingar Íslands hafa staðið fyrir átaki um skráningu örnefna á landinu og hefur Fljótsdalshreppur gert samning við Landmælingar sem sjá um utan um haldið á gagnagrunninum sem geymir örnefnin. Auglýst var eftir starfsmanni í sumar til að sinna skráningunni en engar umsóknir bárust. Oddvita hafa síðan borist ábendingar um að lítið hafi verið skráð af örnefnum í Fljótsdalshreppi.

Sveitarstjóra falið að ráða starfsmann til að aðstoða landeigendur við skráninguna.

Fundi slitið klukkan 18:00

Lárus ritaði fundargerð í tölvu